

AUGLÝSING

1

18. jan.

um að Ísland hafi fullgilt alþjóðasamninginn um hleðslumerki skipa, sem gerður var í London þann 5. júlí 1930.

Þann 25. nóv. 1932 var afhent í utanríkismálaráðuneytinu brezka fullgildingarskjal Íslands að alþjóðasamningnum um hleðslumerki skipa, sem gerður var í London þann 5. júlí 1930.

Samningurinn gekk í gildi þann 1. janúar 1933.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 18. janúar 1933.

Ásgeir Ásgeirsson.

OPIÐ BRÉF

2

21. jan.

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar miðvikudaginn 15. febrúar 1933.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Ísland, 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar miðvikudaginn 15. febrúar 1933.

Um leið og Vér birtum þetta þjóðum Vér öllum þeim, er setu eiga á Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá sett Alþingi eftir að guðsbjónustugerð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gjört á Amalíuborg, 21. janúar 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

1